



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

AFRIT

Sparisjóður Siglufjarðar  
bt. sparisjóðsstjóra  
Túngata 3  
580 Siglufjörður

Reykjavík, 14. nóvember 2007  
Tílv.: 0611030

Hér með tilkynnist yður að Samkeppniseftirlitið hefur tekið meðfylgjandi ákvörðun nr. 61/2007 Kaup Sparisjóðs Siglufjarðar á afgreiðslu Glitnis á Siglufirði.

Vakin er athygli á málskotsheimild til áfrýjunarnefndar samkeppnismála samkvæmt 9. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Skrifleg rökstudd kæra skal berast til áfrýjunarnefndar samkeppnismála, pósthólf 347, 121 Reykjavík, innan fjögurra vikna frá móttöku þessa bréfs.

Virðingarfyllst,  
Samkeppniseftirlitið

Guðmundur Sigurðsson

Snorri Stefánsson

**Meðfylgjandi:** Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 61/2007 Kaup Sparisjóðs Siglufjarðar á afgreiðslu Glitnis á Siglufirði

**Afrit sent:** Lögfræðistofa Reykjavíkur, vt. Guðrún Finnborg Þórðardóttir, Borgartúni 26,



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 14. nóvember, 2007

Ákvörðun nr. 61/2007

## **Kaup Sparisjóðs Siglufjarðar á afgreiðslu Glitnis á Siglufirði**

### **1.**

Með bréfi dagsettu 24. nóvember 2006 fór Samkeppniseftirlitið fram á að fá senda samrunatilkynningu vegna kaupa Sparisjóðs Siglufjarðar á afgreiðslu Glitnis á Siglufirði en tilkynningu um viðskiptin mátti þá finna á vefsíðu Sparisjóðsins.

Svar barst Samkeppniseftirlitinu með bréfi dags. 15. febrúar 2007. Þar kemur fram sú afstaða að í kaupum Sparisjóðs Siglufjarðar á afgreiðslu Glitnis á Siglufirði fælist ekki samruni. Mótmælti Samkeppniseftirlitið þessari afstöðu samrunaaðila.

Í bréfi Sparisjóðsins dags. 19. mars er því svo haldið fram að velta samrunaaðila sé lægri en svo að til tilkynningarskyldu stofnist skv. 17. gr. samkeppnislaga. Þar sem Sparisjóður Siglufjarðar var við kaupin í eigu Sparisjóðs Mýrarsýslu gat Samkeppniseftirlitið ekki fallist á það enda er rétt að telja veltu móðurfélagsins með veltu Sparisjóðs Siglufjarðar.

Samrunaskrá barst Samkeppniseftirlitinu loks þann 24. júlí. Samkeppniseftirlitið taldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans og tilkynnti aðilum það með bréfi dags. 14. ágúst.

Með bréfi dags. 26. september var aðilum sent andmælaskjal vegna samrunans. Athugasemdir Sparisjóðsins bárust bréfleiðis þann 17. október og svo frekari upplýsingar með bréfi dags. 8. nóvember.

Vegna rannsóknar samrunans hefur Samkeppniseftirlitið óskað eftir ýmsum gögnum hvort heldur sem er frá samrunaaðilum eða samkeppnisaðilum. Eftir því sem ástæða er til verður vikið að þessum gögnum.

### **2.**

Sparisjóður Siglufjarðar er sparisjóður í skilningi VIII. kafla laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og rekur hann afgreiðslu á Siglufirði. Glitnir er viðskiptabanki sem starfar skv. lögum um fjármálafyrirtæki. Samkvæmt samrunaskrá aðila er um að ræða algeran samruna að lögum þannig að afgreiðsla Glitnis verður hluti af Sparisjóði Siglufjarðar.



### 3.

Fram kemur í samrunaskrá að rekstur Sparisjóðs Siglufjarðar og afgreiðslu Glitnis á Siglufirði hafi ekki gengið sem skyldi. Fram kemur að tap hafi verið af afgreiðslu Glitnis og að staða Sparisjóðsins hafa að sama skapi verið óásættanleg. Samkvæmt samrunaskrá var eina leiðin til þess að halda opinni afgreiðslu á Siglufirði sú að Sparisjóðurinn myndi kaupa afgreiðslu Glitnis þar sem ekki væri rekstrargrundvöllur fyrir tveimur afgreiðslum.

### 4.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í ákvæðinu segir einnig að taka beri tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hafi áhrif og hvort markaðurinn sé opinn eða aðgangur að honum hindraður. Þessi atriði eru í samkeppnisrétti í raun innifalin í mati á því hvort markaðsráðandi staða myndist eða styrkist. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skipti og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.

Í samkeppnisrétti er í undantekningartilvikum unnt að fallast á að samruna, sem leiðir til þess að markaðsráðandi staða myndist eða slík staða styrkist, megi hugsanlega réttlæta með því að slík breyting á markaðnum væri hvort sem er óhjákvæmileg, þar sem um væri að ræða sameiningu félags sem ella myndi óhjákvæmilega hverfa af markaðnum vegna fjárhagserfiðleika.<sup>1</sup> Slík niðurstaða er þó háð ströngum skilyrðum. Er megin sjónarmiðið það að slík undanþáguheimild geti aðeins átt við ef fyrir liggur að samkeppnislegri gerð markaðarins myndi hvort sem er hraka jafn mikið eða meira, þótt ekki yrði af samruna.

Í túlkunarreglum framkvæmdastjórnar EB um mat á láréttum samruna kemur fram að talið er að framangreindar aðstæður geti aðeins verið til staðar ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt: (1) Að fyrir liggir að félag það sem málsaðilar halda fram að stefni í þrot muni í nánustu framtíð hrökklast af markaðnum vegna fjárhagserfiðleika ef það yrði ekki tekið yfir af öðru félagi; (2) að möguleiki á annarri sölu nefnds félags, sem hefði minni röskun á samkeppni í för með sér, sé ekki til staðar; (3) að eignir þess félags sem stefnir í þrot myndu óhjákvæmilega hverfa af markaðnum og ekki verða grundvöllur nýs rekstrar, ef ekki kæmi til samrunans. Þarf því að leggja mat á það hvort slík skilyrði séu til staðar í þessu máli.

Í bréfi Sparisjóðs Siglufjarðar frá 8. nóvember er því haldið fram að skilyrði þessi séu öll uppfyllt. Styður Sparisjóðurinn þá afstöðu sína þeim rökum að Sparisjóður Siglufjarðar og afgreiðsla Glitnis hafi verið rekin með tapi, að ekki hafi öðrum mögulegum kaupendum verið til að dreifa þar sem afgreiðslan hafi ekki verið

<sup>1</sup> Nefnt á ensku „Failing firm defence“. Sjá t.d. dóm dómstóls EB í málum nr. C-68/94 & C-30/95 *France v Commission* [1998] ECR I-1375.




rekstrarvænleg og hefði afgreiðslan verið lögð niður líkt og Glitnir hafi áformað hefðu eignir útibúsins horfið af markaðnum.

Samkeppniseftirlitið tekur undir þau sjónarmið Sparisjóðs Siglufjarðar að umrædd vörn eigi við og telur að sparisjóðurinn hafi sýnt fram á það með fullnægjandi hætti. Með hliðsjón af því sem að framan greinir telur Samkeppniseftirlitið ekki að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist þannig að samkeppni sé hindruð í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

**Ákvörðunarorð:**

**„ Með kaupum Sparisjóðs Siglufjarðar á afgreiðslu Glitnis á Siglufirði felst samruni í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna þessa samruna. ”**

Samkeppniseftirlitið

  
Guðmundur Sigurðsson